

# Orkustofnun

Úttekt á eignastofni Landsnets hf.

Deloitte ehf.

Smáratorg 3

201 Kópavogur

Sími: +354 580-3000

[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

## Efnisyfirlit

1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar .....	2
2. Fjárhagskerfi og innra verklag.....	2
3. Úttektin.....	3
3.1. Skoðun fylgiskjala .....	3
3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum.....	3
4. Niðurstöður .....	4

## 1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar

Orkustofnun (OS) hefur heimild til að gera úttektir á því fyrirtæki sem annast flutning raforku og kerfisstjórnun, sbr. VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Niðurstaða úttektar getur leitt til athugasemda við flutningsfyrirtækið auk leiðréttinga á uppgjöri tekjumarkna og einnig mögulega breytingu á verklagi OS við eftirlitið.

Tilgangur úttektar er að rýna undirgögn sem liggja að baki innsendum upplýsingum um eignastofn sem liggur til grundvallar tekjumörkum. Úttektin er ekki framkvæmd vegna gruns um misfellur í upplýsingum heldur fremur vegna mikilvægis eignastofns í tekjumörkum og sem hluti af yfirferð OS á verklagi við setningu og uppgjör tekjumarkna.

Þessi skýrsla fjallar um yfirferð okkar á eignastofni Landsnets hf. (Landsnet)

Við fórum í úttektinni yfir fjárfestingar á árinu 2015 og stöðu á eignastofni 31. desember 2015 byggt á þeim gögnum sem Landsnet sendi til OS. Úttektin var framkvæmd til þess að greina eignastofn Landsnets og meta hvort að:

- a) Eignirnar tilheyri með sannanlegum hætti flutningshluta og séu nýttar til tekjuöflunar.
- b) Gögn á bak við eignfærslur ársins séu fullnægjandi og styðji réttmæti eignfærðrar fjárhæðar.
- c) Afskriftir séu í samræmi við nýtingartíma (líftíma) eignanna.
- d) Endurmat eigna sé í samræmi við heimildir fyrirtækisins og ákvarðanir OS.

## 2. Fjárhagskerfi og innra verklag

Landsnet notar Dynamics Axapta fjárhagskerfi. Haldið er utan um eignir í ítarlegri eignaskrá í fjárhagskerfinu. Eignagrunnur sem er til grundvallar tekjumörkum er aðskilin frá reikningshaldslegurm eignagrunni í kerfinu en endurmat á tekjumarkagrunninum er framkvæmt í fjárhagskerfinu en endurmatið byggir á tveimur vísitölum vísitölu neysluverðs á Íslandi og í Bandaríkjunum. Uppruni tekna af fastafjármunum ræður því hvor vísitalan er notuð við endurmatið. Endurmatið er framkvæmt árlega og eru fjárfestingar hvers mánaðar endurmetnar til ársloka.

### 3. Úttektin

#### 3.1. Skoðun fylgiskjala

Til að nálgast markmiðin með úttektinni voru framkvæmdar nokkrar prófanir. Umfangsmesta prófunin var úrtaksskoðun á eignfærslum ársins 2015, en við fengum lista með hreyfingum á bak við eignfærslur ársins. Við bárum samtölu eignfærslna sem tengjast dreifingu á raforku saman við eignfærslur í eignaskrá. Mismunur sem myndaðist var óverulegur, til viðbótar við þann mismun var ein færsla tvíbókuð. Ekki á að vera hægt að tvíbóka reikning en vegna mistaka starfsmanna var það gert þar sem annar reikningurinn var skráður númer 60 og hinn 060, fjárhæðin sem var tvíbókuð var óveruleg og starfsmenn bakfærðu hana þegar mistökin uppgötvuðust. Færslan hefur því ekki áhrif á eignastofninn. Ákveðið var að skoða 9 kostnaðarreikninga sem voru valdir með aðferðafræði Deloitte. Upphæð úrtaksins var rúmlega 1.429 mkr. af rúmlega 1.942 mkr. heildareignfærslum og því voru um 74% eignfærslna skoðuð. Það er mat okkar að gott skipulag sé á eignfærslum hjá Landsneti og auðvelt reyndist að rekja eignfærðan kostnað til frumgagna. Skoðuð voru alls 34 fylgiskjöl. Við fundum engan kostnað sem ekki tilheyrði dreifiveitu rafmagns. Samkvæmt fyrningartöflu sem notuð er til grundvallar reikningsskilum Landsnets er byrjað að afskrifa eignfærslur ársins, sem bendir til þess að eignirnar séu orðnar tekjuberandi.

Viðeigandi fylgiskjöl voru að baki þeim eignfærslum sem við skoðuðum.

#### 3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum

Landsnet hefur lagt á mat á líftíma eigna félagsins og mótað sér reglur um hrakvirði og afskriftir. Hjá Landsneti eru eftirfarandi afskriftarprósentur notaðar í eignaskrá sem liggur til grundvallar útreikningi tekjumarka.

- Áhöld og tæki (lausafé) 10% afskrift og hrakvirði 10%
- Fasteignir 2% afskrift og hrakvirði 2%
- Háspennulínur 2% afskrift og hrakvirði 2%
- Jarðstrengir 5% afskrift og hrakvirði 5%
- Tengivirki 2%-5% afskrift og hrakvirði 2%-5%

Eignakerfið sér um útreikning á afskriftum. Afskriftarprósenturnar hér að ofan eru ekki algildar en meðal fasteigna er ein eign sem er með 2,5% afskrift en ástæðan er sú að viðkomandi eign er birgðageymsla og var horft til afskrifta tengivirkja þegar afskriftarprósentan var ákveðin. Í eignaflokki háspennulínur eru 3 eignir með 10% afskrift en þar er um að ræða pennastriklækkun sem er eign með neikvæða stöðu og var ákveðið að

dreifa því yfir 10 ár. Afskrift á þessum eignum lauk á árinu 2015. Um er að ræða lækkun sem gerð var á stofnefnahag Landsnets.

#### 4. Niðurstöður

Úttekt á eignfærslum Landsnets á árinu 2015 og á eignastofni sem liggur til grundvallar uppgjöri tekjumarka hefur ekki leitt neitt annað í ljós en að flokkun fastafjármuna félagsins uppfylli kröfur raforkulaganna. Einnig eru afskriftir eignaflokka í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar.

Kópavogur, 31. janúar 2017

**Deloitte ehf.**

  
Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi